



FRÉTTABLAÐIÐ



Menntaskólanemar sneru aftur á skólabeck eftir að sumarleyfi lauk. Nemendur sjást hér yfirgefa Menntaskólann í Reykjavík með bros á vör eftir fyrsta skóladaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nýr og dimmur veruleiki á Íslandi

Dósent í lögreglufræði segir samband milli skotvopnaleyfa og drápa á fólki nýtt áhyggjuefni. Maður er enn í lífshættu eftir skotárásina á Blönduósi.

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Þetta er nýr veruleiki á Íslandi að við höfum áhyggjur af byssum og skotvopnaleyfum vegna þess að það er verið að drepa fólk. Það er nýtt að skotvopn séu rædd í þessu samhengi,“ segir Margrét Valdimarsdóttir, dósent í lögreglufræði við HA.

Morðið á Blönduósi er fimmta skotárásarmálið á landinu það sem

af er árs. Skotfélagið á Blönduósi gerði fyrst athugasemdir í nóvember síðastliðnum við hegðun skotmannsins sem var vistaður á gæðdeild fyrir örfáum vikum um skeið. Áður hótaði hann manningnum sem berst nú fyrir lífi sínu eftir hagla-byssuárás um helgina.

„Ég myndi ekki styðja að við frelsissviptum andlega veikt fólk í forvarnaskyni, því það er stimplun fólgin í því. Langflestir með greiningu um gedrænan vanda beita ekki ofbeldi,“ segir Margrét.

„En vegna þess að byssur geta valdið svo miklum skaða á svo skömmum tíma þarf að vera erfitt að fá skotvopnaleyfi og þú átt að geta misst leyfið ef grunur kviknar



Margrét Valdimarsdóttir, dósent í lögreglufræði

um ofbeldi. Það er ekki mannréttindabrot að fá ekki að eiga byssu.“

Heimildir Fréttablaðsins herma að lögregla sé með til skoðunar hvort byssumaðurinn, fæddur og uppalinn á Blönduósi, einrænn í seinni tíð, hafi fyrst skotið fyrrum atvinnurekanda sinn. Þá hafi eiginkona atvinnurekandans verið sloppin út úr eigin húsi en hafi snúið

aftur við skothvellinginn. Byssumaðurinn hafi þá beint byssunni að henni, skotið öðru skoti og lést konan.

Sonur hjónanna, sem var gestkomandi í húsinu ásamt barnsmóður og ungu barni, er samkvæmt heimildum blaðsins talinn hafa orðið vitni að morðinu á móður sinni. Hann hafi lagt í skotmanninn með berum höndum þegar hann var að endurhlaða byssuna í þriðja skotið. Þeim átökum lauk með bana árársarmannsins.

Syninum var sleppt úr haldi lögreglu í fyrrakvöld. Hann hefur enn stöðu sakbornings. Lögregla verð svara af gangi rannsóknarinnar en upplýsti í gær að eiginmaður konunnar sem lést væri í lífshættu. ■

Sakar ON um óheiðarleika

ORKUMÁL „Ákvörðun stofnunarinnar hvílir því miður á röngum upplýsingum framkvæmdaaðilans. Það er í sjálfu sér alvarlegt mál,“ segir Hulda Guðmundsdóttir, bóndi á Fitjum í Skorradal, um ákvörðun Skipulagsstofnunar að framkvæmdir við Andakilsárvirkjun þurfi ekki í umhverfismat.

Að sögn Huldu hefur orku fyrirtækið Orka náttúrunnar ekki skýrar heimildir til breytinga á vatnsborði Skorradalsvatns og Andakilsá ofan lóns né til breytinga á stíflum. Krefst hún þess í kærnu að ákvörðun Skipulagsstofnunar verði gerð ógild. ■ SJÁ SIÐU 4.

Eclipse Cross PHEV 4x4

Förum saman út í bláinn!

Eclipse Cross PHEV getur **dregið 1.5 tonn**, er með lykjaláusu aðgengi, hraðastilli, hita í stýri, bakkmyndavél, þreytuviðvörðun, akreinavara o.fl. Verð frá **6.390.000 kr.**

HEKLA Laugavegi 174, 105 Rvk. www.hekla.is





Veidistofninn 2021 var 248 þúsund.

Mikil fækkun í rjúpstofninum

birnadrofn@frettabladid.is

DÝRALÍF Fjölgun rjúpu á Norðausturlandi hefur ekki verið minni síðan mælingar hófust árið 1964. Á vef Náttúrufræðistofnunar er ástæðan sögð mikil vætutið sem einkennt hefur sumarið á Norðausturlandi. Á Vesturlandi hefur viðkoma rjúpunnar ekki verið lakari síðan árið 1995.



Á Vesturlandi hefur viðkoma rjúpu ekki verið lakari síðan 1995.

Rjúpnatalningar síðastliðið vor sýndu að rjúpnastofninn var í mikilli uppsveiflu víðast hvar, mælingar nú sýna þó að stofninn hafi mætt mótbyr. Síðasta haust var veidistofn rjúpu 248 þúsund fuglar. Árið 2020 var hann 280 þúsund fuglar og árið 2019 var hann 820 þúsund fuglar. ■

Hoppað í hnapphelduna



Á mánudag bauð Siðmennt kærustupörum að mæta og framkvæma eldsnögga, einlæga og löglega hjónavígslu, þeim að kostnaðarlausu. Tuttugu og átta pör mættu og létu þússa sig saman í skemmtilegri athöfn. Ingibjörg Ebba Benediktsdóttir og Arnar Eliasson tóku sitt nánasta fólk með þegar þau giftu sig.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Eldgosið í Meradölum sé búið í bili

benediktarnar@frettabladid.is

ELDGOS Eldgosið í Meradölum er búið í bili og ósennilegt er að það taki sig aftur upp á næstu dögum. Þetta segir Magnús Tumi Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur hjá Háskóla Íslands, um stöðuna á gosstöðvunum.

„Það er ekkert gos eins og er. Það liggur alveg niðri, þó að hraun hafi aðeins sést undanfarið þá er það ekki vísbending um að það sé að koma upp kvika,“ segir Magnús sem telur að ef það á eftir að byrja að gjósa aftur þá sé það ekki fyrr en eftir nokkra mánuði.

„Það er ekkert sem bendir til að það sé eldgos, óróinn er alveg dottinn niður og þar með er gosið búið, allavega í bili. Það er ósennilegt að eldgosíð taki sig upp aftur á næstu dögum. Ef að eldgosíð ætlar að halda áfram þá þarf væntanlega



Magnús Tumi Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur.

að byggjast upp þrýstingur á ný og ef það fer þannig þá tekur það nokkra mánuði,“ segir Magnús.

Hann segir að eldgosíð í Meradölum sé á marga vegu frábrugðið eldgosinu í Fagradalsfjalli. „Ef við skoðum gosið í fyrra þá var það í seinni hlutanum að kvikna og slökkna á víxl. Svo stoppaði það skyndilega, eins og það væri tappi settur í það. Núna er ekki eins og það hafi verið settur tappi í gosið, heldur hafi tankurinn einfaldlega orðið tómur,“ segir Magnús. ■

Vill auka veg og virðingu fjallahjólreiða á Austurlandi

Leysa þarf núning milli fjallahjólafólks og annarra hópa svo allir geti verið sáttir í fjöllum, segir Árni Magnús Magnússon, sem vill byggja upp hjólaleiðir á Borgarfirði eystra.

benediktboas@frettabladid.is

HJÓLREIDAR „Við munum ekki ná að stoppa hjólreiðafólk að koma hingað,“ segir Árni Magnús Magnússon, eigandi Fjord Bikes, sem óskar eftir afstöðu heimastjórnar Borgarfjarðar eystri til uppbyggingar á fjallahjólreiðaleiðum.

Heimastjórnin kveðst jákvæð fyrir uppbyggingu slíkra leiða en segir slíkt þurfa að gerast í sátt og samstarfi við landeigendur og aðra hagsmunaaðila. Hún geti þó ekki tekið afstöðu til óskilgreindra hjólaleiða.

Árni segir að við gerð hjólaleiða fari hann eftir gæðahandbók IMBA, sem eru alþjóðasamtök fjallahjólreiða og umhverfisvernd. Sem dæmi séu uppteknar torfur hafðar eins stórar og hægt er og þær settar niður annars staðar, til dæmis til að hylja önnur sár.

„Ég byrja á að fá leyfi hjá landeiganda áður en ég fer að kanna og hanna mögulegar leiðir. Svo er það unnið í samvinnu við þá. Þannig það er ekki farið yfir beitiland eða álíka,“ segir Árni, sem á og rekur Fjord Bikes sem gerir út á fjallahjólreiðar um Viknaslóðir.

Að sögn Árna eru mikil tækifæri í fjallahjólreiðaferðamennsku líkt og í fjallaskíðamennsku, sem sé þekkt stærð í ferðamennsku hér á landi. Einbeitingin við að fara niður brekku á hjóli sé engu lík.

„Það hefur sýnt sig og það eru til einhverjar rannsóknir að þessi



Árni Magnús Magnússon segir geðbót að bruna niður fjallshlið. MYND/ADSEND



Göngusvæðin hér eru í heimsklassa og það getur skapað núning milli notendahópa.

Árni Magnússon

fókus sem þarf þegar brunað er niður brekkurnar hefur góð áhrif á geðheilsuna.“

Árni segir skorta pólitískan vilja í málinu. Hann vilji útvíkka upplifun ferðamanna á Austurlandi.

„Við sáum það í Dyrfjallahlaupinu að það voru nánast allir með hjól á

toppnum á bílnum. Göngusvæðin hér eru í heimsklassa og það getur skapað núning milli notendahópa en ég vil útvíkka upplifunina,“ segir Árni, sem telur lítið mál að leysa núninginn þar sem allir geti lifað í sátt og samlyndi á fjöllum. Það þurfi einungis að horfa til Alpanna og nefnir skíðasvæðið í Salzburg.

„Þar er búið að losa núninginn bara með upplýsingagjöf. Að einhverju leyti er búið að gera þetta í Skálafelli en munurinn er að það er ekki mikið um gönguleiðir upp Skálafell eins og er hér. Það eru 160 kílómetrar merktir göngustígar hér – hver öðrum fallettri. En þetta eru tveir mismunandi notendahópar sem eru með mismunandi þarfir og það sem ég vil gera er að mæta þörfum fjallahjólreiðahópsins,“ segir Árni. ■



TOYOTA HIGHLANDER HYBRID

FÆR Í FLESTAN SJÖ

7 MANNA OG 4WD



TOYOTA - MEST SELDA
BIFREIDATEGUNDIN
Á ÍSLANDI

32
ÁR Í RÖÐ

Toyota Hybrid hefur aldrei verið svona stór
Verð frá: 10.890.000 kr.

KINTO ONE langtímaleiga
Highlander Hybrid verð frá: 205.000 kr. á mán.

TOYOTA TRYGGINGAR
váttryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Safna fjármagni fyrir byggingu nýs Kvennaathvarfs

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG Til stendur að byggja nýtt hús sem hýsa mun starfsemi Kvennaathvarfsins. Fengist hefur fjármagn frá ríkinu upp á 60 milljónir króna en til stendur að fara í landssöfnun fyrir húsinu í byrjun október. Markmiðið er að safna 440 milljónum króna.

Að meðaltali dvelja um 130 konur í Kvennaathvarfinu á

hverju ári og er meðaldvalartími þeirra þrjátíu dagar. Mörg börn dvelja að jafnaði í athvarfinu með mæðrum sínum. Linda Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, segir að alltaf sé pláss fyrir konur sem leita í athvarfið í húsinu, það sé þó löngu sprungið. „Við finnum alltaf pláss.“

Hún segist bjartsýn á að vel takist til við að safna fyrir nýja húsinu. „Við erum virkilega vongóð og



Markmiðið er að safna 440 milljónum króna.

finnum mikinn velvilja og þakklæti í okkar garð,” segir Linda.

Hún segist vona að húsið verði tilbúið eftir þrjú ár en að erfitt sé þó að segja nákvæmlega til um hvenær það verði. „Við erum komin af stað með þetta verkefni. Erum byrjuð að teikna og nú biðum við eftir deiliskipulagi,” segir Linda en Kvennaathvarfið hefur nú þegar fengið vilyrði fyrir lóð undir húsið hjá borginni.

Staðsetning Kvennaathvarfsins er ekki opinber en Linda segir drauminn vera þann að konurnar sem þar dvelja upplifi sig það öruggar í nýja húsinu að staðsetning þess þurfi ekki að vera neitt leyndarmál.

„Það væri auðvitað draumurinn. Að öll starfsemin geti verið á sama stað og að öryggið sé þannig að það þurfi ekki að vera leyndarmál hvar við erum,” segir hún. ■

Börnum fjölgar hratt í Dalsskóla

birnadrofn@frettabladid.is

REYKJAVÍK Grunnskólar Reykjavíkur voru settir í gær þegar 14.560 börn hófu nám í grunnskólum borgarinnar.

Þar af hófu 1.260 börn nám í fyrsta bekk og er sá árgangur fjölmennastur í Langholtsskóla. Þar eru 93 börn í fyrsta bekk.

Fjölmennustu skólar borgarinnar eru Langholtsskóli og Árbæjarskóli, með um 700 nemendur hvor.

Nemendum Dalsskóla í Úlfarsárdal hefur fjölgað afar hratt en þegar skólinn var stofnaður árið 2010 voru þar þrjátíu nemendur en nú eru þeir 450 talsins. ■

Ingibjörg Sólrún í rannsóknarnefnd

jonthor@frettabladid.is

ÚKRAÍNA António Guterres, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, skipaði í gær Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrrverandi utanríkisráðherra, í nefnd sem hefur það að markmiði að komast til botns í því sem átti sér stað í árásinni á Olinívka-fangelsið sem átti sér stað þann 29. júlí síðastliðinn.

Stjórnvöld í Rússlandi og Úkraínu hafa sakað hvort annað um ábyrgð á árásinni. Í henni var fangelsi sprengt upp með þeim afleiðingum að 57 úkraínskir stríðsfangar létust og 75 særðust.

Ásamt Ingibjörgu skipaði Guterres Brasilíumanninn Carlos Alberto dos Santos Cruz, sem er fyrrverandi hershöfðingi, en hann verður yfir rannsóknarnefndinni. Auk þeirra var Youssoufou Yacouba frá Níger skipaður. ■

Sakar orkufyrirtæki um óheiðarleika og rangt mál um Andakílsárvirkjun

Bóndinn á Fitjum í Skorradal segir það rangt og óheiðarlegt hjá Orku náttúrunnar að tala um tímabundið starfsleyfi fyrir Andakílsárvirkjun sem ígildi virkjunarleyfis.

gar@frettabladid.is

ORKUMÁL „Það lítur afskaplega fallega út að vísa til þess að framkvæmdir auki öryggi og séu til þess að uppfylla nútímakröfur,” segir Hulda Guðmundsdóttir á Fitjum og vísar þar í ummæli samskiptastjóra Orku náttúrunnar (ON) í Fréttablaðinu 18. ágúst.

„Ég mótmæli því ekki að fyrirhugaðar framkvæmdir ON í og við inntakslón Andakílsárvirkjumar kunnir að vera nauðsynlegar út frá rekstrarhagkvæmni orkuversins,” segir Hulda. „En það er skortur á heimildum til framkvæmdanna og óskýrt heildarumfang þeirra sem ég bendi á að Skipulagsstofnun virðist hafa vanmetið.“

Hulda segir að þar sem ekkert virkjunarleyfi sé til fyrir Andakílsárvirkjun liggja ekki fyrir skýr skilyrði sem lúti ófjárhagslegum þáttum á borð við umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegum viðmiðum sem tekið sé á í virkjunarleyfum. Því þurfi framkvæmdirnar að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun segir Hulda taka gott og gilt er ON fullyrði að ekki sé gert ráð fyrir að vatnshæð í Skorradalsvatni fari út fyrir þau mörk sem miðað sé við í rekstrinum eða mörk í „úrskurði“ Orkustofnunar um miðlunarleyfi.

„Orkustofnun hefur aldrei „úrskurðað“ um miðlunarleyfi virkjunarinnar og þau „mörk“ sem ON notar hafa aldrei verið



Hulda Guðmundsdóttir á Fitjum rær nú að því öllum árum að framkvæmdir við Andakílsárvirkjun fari í umhverfismat.

MYND/ADSEND



Ákvörðun stofnunarinnar hvílir því miður á röngum upplýsingum framkvæmdaaðilans. Það er í sjálfu sér alvarlegt mál.

Hulda Guðmundsdóttir á Fitjum

staðfest með virkjunarleyfi og um öll „mörk“ ríkir engin sátt meðal heimamanna,” segir Hulda. Skipulagsstofnun dragi þá skökku ályktun að „breytingar á vatnsborði Skorradalsvatns og á rennsli Andakílsárvirkjunnar innan heimilda ON til

að starfrækja virkjunina“.

Að sögn Huldu hefur ON ekki skýrar heimildir til breytinga á vatnsborði Skorradalsvatns og Andakílsárvirkjunnar né til breytinga á stíflum.

„Því er allt tal um bætt öryggi, lagfæringar og úrbætur til þess fallið að draga athyglina frá því að virkjunarleyfið er ekki til og að aldrei hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum Andakílsárvirkjunnar sem þó er stórnotandi náttúrunnar í Skorradal.“

Hulda krefst þess í kærnu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála að ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdirnar þurfi ekki í umhverfismat verði ógilduð.

„Ákvörðun stofnunarinnar hvílir því miður á röngum upplýsingum framkvæmdaaðilans. Það er í sjálfu sér alvarlegt mál,” segir hún.

Haft var eftir samskiptastjóra ON í Fréttablaðinu 18. ágúst, að rekstur Andakílsárvirkjunnar sé í samræmi við starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 2012.

„Fulltrúar ON hafa áður reynt að vísa í tímabundið starfsleyfi sem einhvers konar ígildi virkjunarleyfis en það er rangt, beinlínis óheiðarlegt og í hróplegri mótsögn við síðareglur OR og dótturfélaga,” fullyrðir Hulda. Heilbrigðiseftirlitið segi um starfsleyfið að það feli aðeins í sér að reksturinn uppfylli skilyrði gagnvart lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir en sé ekki leyfi til að reka virkjun og framleiða rafmagn.

Hulda segir að á meðan afmörkun heimilda liggja ekki fyrir í virkjunarleyfi verði tortryggni í garð allra framkvæmda rekstraradila Andakílsárvirkjunnar. „Sama hversu áferðarfallæg kynning þeirra er.“ ■

KEMUR ÞÚ AF FJÖLLUM?

Íslensku fjöllin hafa mætt jafningja sínum. Gerðu ferðalagið algjörlega rafmagnað með Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFLÓÐUNNI PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ LAUGARDAGA

Jeep

4xe
PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS • ISBAND.IS





HAUST ÚTSALA

VERÐDÆMI **PARKET, FLÍSAM, HURÐIR**

KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ **1.890** KR. m²

10 mm AC5 VERÐ FRÁ **2.990** KR. m²

10 mm AC5 MAMMUT PLUS VERÐ FRÁ **3.890** KR. m²

12 mm AC5 MAMMUT VERÐ FRÁ **4.150** KR. m²

VIÐARPARKET

KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ **5.490** KR. m²

KÄHRS PLANKAPARKET VERÐ FRÁ **5.990** KR. m²

VÍNYPARKET VERÐ FRÁ **4.590** KR. m²

VEGG- & GÓLFLÍSAM

30X60 VERÐ FRÁ **4.790** KR. m²

60X60 VERÐ FRÁ **5.590** KR. m²

40% AFSLÁTTUR AF FYLGIEFNUM FYRIR PARKET OG FLÍSAM

RINGO INNIHURÐIR

HVÍTLAKKAÐAR HURÐIR MEÐ KARM

VERÐ FRÁ **41.990** kr. FYLGIHLUTIR 25% AFSLÁTTUR

Birgisson®



Neytendafrömuður kærir Sony fyrir að ofrukka fólk á PlayStation Store

kristinnhaukur@frettabladid.is

BRETLAND Forsvarsmenn breskra neytendasamtaka hafa kært japanska tæknirísann Sony, sem á PlayStation leikjatlögnar, fyrir að misnota samkeppnisaðstöðu sína á vefbúðinni PlayStation Store. Samkvæmt breska blaðinu The Guardian hljóðar krafa kæranda upp á 5 milljarða punda, eða rúmlega 830 milljarða króna.

Samkvæmt neytendafrömuðinum Alex Neill, sem leiðir málsóknina, hefur Sony sett ósanngjarna skilmála og verð á alla útfendur sem vilja komast að á breska markaðinum. Álagningin sé 30 prósent sem geri það að verkum að leikir eru oft dýrari í vefbúðinni en á diskum.

„Með þessari málsókn tek ég upp málstað milljóna Breta sem hafa verið ofrukkaðir án þeirra vitneskju. Við teljum að Sony hafi misnotað stöðu sína og stolið af viðskiptavinum sínum,“ sagði Neill.



Sony er í vanda. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Skaðabótakrafan fyrir hvern notanda síðunnar hljóðar upp á 67 til 562 pund, eða 11 til 93 þúsund krónur. En PlayStation Store opnaði í Bretlandi árið 2016.

Kærendur eru studdir af fjárfestingafélaginu Woodsford, sem fjármagnar málsóknina gegn því að fá hlut af bótunum falli dómur þeim í vil. En það félag hefur áður stutt sambærilegar málsóknir, til dæmis gegn lesta- og skipafyrirtækjum.

Forsvarsmenn Sony hafa ekki viljað svara fyrir málið. ■

Fauci mun draga sig í hlé í desember

thorgrimur@frettabladid.is

BANDARÍKIN Anthony Fauci, forstjóri Ofnæmis- og smitsjúkdómastofnunar Bandaríkjanna (NIAID) og heilbrigðismálaráðgjafi Joe Biden Bandaríkjaforseta, tilkynnti í gær að hann hygðist draga sig til hlés frá opinberum störfum í desember næstkomandi. Fauci er 81 árs og hefur verið forstjóri NIAID í tæp fjórtíu ár.

Fauci var áberandi sem sérfræðingur í sóttvarnamálum í stjórnum Bidens og Donalds Trump á hörðustu köflum kórónuveirufaraldursins. Joe Biden þakkaði Fauci fyrir störf hans og sagði Bandaríkin vera hraustari, harðari og heilbrigðari vegna hans. ■



Fauci hefur verið forstjóri Ofnæmis- og smitsjúkdómastofnunarinnar frá árinu 1984. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Rusneskir embættismenn rannsaka brakið þar sem bilsprengjan varð Dörju Dúginu að bana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Saka Úkraínu um morðið á Dúginu

thorgrimur@frettabladid.is

RÚSSLAND Rússneska leyniþjónustan FSB hefur formlega sakað úkraínska stjórnvöld um að standa á bak við morðið á Dörju Dúginu, sem lést þegar sprengja sprakk í bíl hennar nærri Moskvu á laugardaginn. Dúgina var dóttir þjóðernissinnaða heimspekingsins Aleksandrs Dúgin, eins af bandamönnum Pútíns Rússlandsforseta. FSB segir morðingjann hafa komist undan til Eistlands.

Úkraínustjórnir neita því að hafa komið nálægt tilræðinu. Rússneski fyrrum þingmaðurinn Ílja Ponomarjov hélt því fram í gær að innlend rússnesk andspyrnuhreyfing hefði lýst yfir ábyrgð á því.

Steingrímur Árnason, fyrrum fjölmiðlamaður í Rússlandi, segir sér þykja líklegra að innanlands-

menn hafi verið að verki, þótt hann telji að taka beri orð Ponomarjovs með fyrirvara. Hann sé í pólitískri útleð frá Rússlandi og því bitur út í stjórnvöld þar.

„Persónulega finnst mér ánægjulegt að sjá að þeir séu farnir að snúast hver gegn öðrum,“ segir Steingrímur.

„Ég býst við að þetta séu ólígarkarnir að missa þolinmæðina. Það er ekkert vodalega gaman hjá þeim núna. Það er ekki ólíklegt að vegna þrýstingsins á hirðina hans Pútíns fari einhverjir að tína tölunni.“

Steingrímur bendir á að margir rússneskir ólígarkar hafi dáið undir dularfullum kringumstæðum á undanförunum mánuðum og leiðir líkur að því að þau tengist valdabaráttu á æðstu stöðum. „Ég myndi jafnvel búast við meiru.“ ■



Birgir Jónsson, forstjóri PLAY, segir komið að ákveðnum kaflaskilum í uppbyggingu flugfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Bjartsýnn þrátt fyrir tveggja milljarða hallarekstur

Rekstur flugfélagsins PLAY var neikvæður um tvo milljarða króna á öðrum ársfjórðungi 2022. Forstjórinn segist þess fullviss að viðsnúningur verði á síðari hluta ársins og heildarfjöldi farþega verði kominn í 800 þúsund fyrir lok árs.

ggunnars@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Þrátt fyrir hallarekstur upp á 14,4 milljónir Bandaríkjadala á öðrum ársfjórðungi, gera stjórnendur flugfélagsins PLAY ráð fyrir jákvæðri rekstrarafkomu á síðari hluta þessa árs.

Birgir Jónsson, forstjóri PLAY, segir niðurstöðuna í takti við væntingar stjórnenda þótt vissulega sé hún verri en vonir stóðu til þegar félagið var stofnað.

„Við sáum auðvitað ekki fyrir þessa þróun eldsneytisverðs sem dæmi. En í stóru myndinni þá má segja að þetta uppgjör sé ákveðinn



Við gerum ráð fyrir að velta um 300 milljónum dollara á næsta ári sem mun gera okkur að einu stærsta fyrirtæki á Íslandi

Birgir Jónsson, forstjóri PLAY

endapunktur á uppbyggingarfasa félagsins. Við vorum að klára fjárfestingar, auk þess sem við höfum verið að fjölga vélum og áfangastöðum.

Tekjurnar eru að aukast jafnt og þétt og við gerum ráð fyrir að velta um 20 milljörðum íslenskra króna eða 150 til 160 milljónum dala á árinu öllu. Það yrði gríðarlegur áfangi,“ segir Birgir

Hann segir fjölgun farþega gefa góð fyrirheit fyrir það sem koma skal.

„Júlímánuður segir okkur að viðskiptamódelið gengur upp. Þá vorum við loks kominn með allar okkar 6 vélar í fulla nýtingu og allt á réttri leið hvað tekjurnar varðar.

Við flugum til að mynda með 110 þúsund farþega í júlí, samanborið við 80 þúsund farþega í júní og rúmlega 50 þúsund í maí.“

Birgir segir spár félagsins gera ráð fyrir að heildarfjöldi farþega verði um 800 þúsund áður en árið er á enda.

„Við munum bæta við okkur fjórum flugvélum í vetur og verðum þá með tíu vélar á næsta ári. Við áformum að velta um 300 milljónum dollara á næsta ári sem mun gera okkur að einu stærsta fyrirtæki á Íslandi. Það eru auðvitað heilmikil tíðindi. Ekki bara fyrir okkur eða okkar fjárfesta, heldur fyrir íslenskt atvinnulíf í heild sinni,“ segir Birgir Jónsson. ■

Rússneskir fjársvikamenn njóta nafnleyndar í gegnum Ísland

kristinnhaukur@frettabladid.is

NETÖRYGGI Hópur rússneskra netglæpamanna sem svíkja fé út úr Áströllum fela slóð sína á Íslandi. Gera þeir það með því að hýsa svíkasiur hjá fyrirtækinu Witheld for Privacy ehf.

Samkvæmt áströlsku útgáfunni af Financial Review hafa netöryggis-sérfræðingar rakið síður á borð við AusBondTrust, Au-Investor og Millenium Bonds til DarkSide, rússnesks hóps sem stundar svik á myrkranetinu (dark web). En þessar síður eru notaðar til þess að reyna að hafa fé af fólki sem vill geyma sparifé sitt í skuldabréfum.

Síðurnar eru hýstar hjá Witheld for Privacy, fyrirtæki skráðu á Íslandi, sem sérhæfir sig í að gera fólki kleift að fela slóð sína á netinu. Upplýsingar og heimilisfang Witheld for Privacy, á Hafnartorgi, virka þá sem staðgengill fyrir raunverulegar upplýsingar eigenda vefsíðna.

Þegar Fréttablaðið hafði samband við starfsfólk á Íslandi var blaðamanni bent á að mexíkóskur maður, búsettur í Bandaríkjunum, að nafni Sergio Raygoza Hernandez væri stjórnarmaður og for-



Ástralskar fjársvíkasiður eru skráðar á Hafnartorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Witheld for Pricacy ehf. er skráð til heimilis á Hafnartorgi

svarsmaður fyrirtækisins. Starfsfólk hér myndi ekki svara neinum spurningum.

Þetta er ekki eina dæmið um að ólögleg eða vafasöm starfsemi erlendis sé hýst á Íslandi. Fréttablaðið hefur meðal annars greint frá OrangeWebsite, skráð til heimilis á Klapparstíg, sem hefur meðal annars hýst hryðjuverkasamtökin ISIS, breska Covid-svindlara og nýnasista og 1984 sem nýlega komust í fréttir fyrir að hýsa andgyðinglega síðu er kallast The Mapping Project. ■



LisLongship.com

Tímasprengjur



Björk
Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Hryllilegir atburðir helgarinnar hafa snert alla þjóðina sem nú finnur til. Við finnum til nístandi sársauka og djúprar samúðar í garð fórnarlamba, aðstandenda og alls samfélagsins á Blönduósi. Þegar slíkir atburðir eiga sér stað finnum við öll til.

Morð á saklausu fólki er sem betur fer sjaldgæfur atburður á Íslandi en í sumar höfum við fengið fréttir af tveimur tilhæfulausum árásum sem enduðu með dauða. Dauða manneskja sem ekkert höfðu til saka unnið – en höfðu þó haft ástæðu til að óttast um líf sitt – á eigin heimili. Í báðum tilfellum hafði videigandi yfirvöldum verið gert viðvart – án tilætlaðs árangurs og eru afleiðingarnar hryllilegar og óafturkræfar.

Í byrjun júní var maður myrtur við heimili sitt í Reykjavík. Nágranni mannsins, sem áður hafði fengið dóm fyrir ofbeldisglæp, og itrekað hafði verið kvartað yfir til lögreglu, var þar að verki. Í samtali við mbl.is í kjölfar þess máls, sagði Helgi Gunnlaugsson afbrotafræðingur að úrræði skorti fyrir einstaklinga sem vitað sé til að séu óstöðugir. „Þeir eru í rauninni bara eins og tímasprengjur,“ lét Helgi hafa eftir sér og kallaði eftir aðgerðarplani með víðara neti sem gripið gæti slíka einstaklinga.

Í júní hafði lögregla tvívegis verið kölluð á staðinn sólarhringinn fyrir morðið en skorti valdheimildir til að aðhafast frekar. Maðurinn, sem aðfaranótt sunnudags, réðist inn á heimili hjóna, réð öðru þeirra bana og særði hitt lífs-hættulega, hafði fyrir þremur vikum verið handtekinn fyrir að hótta hjónunum með skotvopni fyrir utan heimili þeirra.

Nauðungarvistanir fólks með geðrænan vanda er varhugavert og oft skaðlegt verkfæri, og skal því haldið til haga að fæstir þeirra sem glíma við geðrænan vanda eru hættulegir samborgurum sínum. Í umræddum tilvikum virðist hættan þó hafa verið fjölmörgum ljós, varað hafði verið við mönnum enda óttaðist saklaust fólk um öryggi sitt og það því miður með réttu. Þeir voru ekki gripnir, ekki hjálpað og fórnarlömbum þeirra þannig ekki þyrmt.

Það er sárt að hugsa til þess að á síðasta ári hafi stjórn skotfélagsins Markviss tilkynnt þar til gerðum yfirvöldum áhyggjur sínar af andlegri heilsu mannsins sem framdi ódæðið á Blönduósi. Brýnt er að skoða í hvaða farveg slíkar kvartanir fara, því enn var maðurinn með skotvopnaleyfi þegar hann fyrst hótaði hjónunum og eins þegar hann beitti skotvopni gegn þeim með hræðilegum afleiðingum.

Nú spyr ég ykkur: Jón Gunnarsson og Willum Þór Þórsson: Hvert er aðgerðarplanið? ■

”

Þeir voru ekki gripnir, ekki hjálpað og fórnarlömbum þeirra þannig ekki þyrmt.

MANIC PANIC N.Y.C.
Hárskolin fást hjá okkur

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

■ Halldór



■ Frá degi til dags

kristinnhaukur@frettabladid.is

Bóla

Ekki er laust við að ansi margir séu hálfskúfaðir að eldgosíð í Meradölum sé að syngja sitt síðasta. Gosíð sem byrjaði með gífurlegum krafti, var sagt tífalt öflugra en Geldingadalsgosíð þegar það hófst í fyrravetur, en reynist nú hafa verið bóla. Hver æskileg lengd eldgoss sé skal ósagt látið en aðeins þrjár skitnar vikur verður að teljast ansi slátt. Hér var búið að ryðja fyrir bílastæði, gera göngustíga og ráða landverði til að sinna gæslu. Hvað eiga þeir að gera núna? Einnig voru flugfélögin og þyrlufélögin án vafa búin að gera ráð fyrir að hala vel inn á gosinu í allt haust og sjálfsagt búin að veðsetja sig í topp.

Ekki örvænta

Þó að þetta tiltekna gos sé að fjara út á vit forfeðra sinna þá hafa síðustu tvö ár kennt okkur eitt. Við búum nú í nýjum veruleika og gos munu koma reglulega upp næstu áratugi og jafn vel aldir. Húrra! Þyrlufélögin ættu því ekki að þurfa að panta tíma hjá sýslumanni í gjaldprotamedferð alveg strax. Væntanlega mun ekki líða langur tími þar til næsta gos hefst og alger óþarfi að selja þyrlurnar úr landi. Við höfum líka ágætt mælaborð suður með sjó. Það er þegar Grindavík byrjar að skjálfa er ekki langt í næstu vertíð. ■

Borgarlínulest til KEF



Runólfur
Ágústsson
framkvæmdastjóri

Nýr flugvöllur í Hvassahrauni er ekki lengur raunhæfur möguleiki. Keflavíkurflugvöllur er frábærlega staðsettur utan umbrotasvæðis Reykjaness, í heppilegri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Hann er tengdur innviðum landsins með tveimur leiðum; Reykjanessbraut og Suðurstrandarvegi, sem að mati jarðvísindamanna er nánast ómögulegt að myndu geta rofnað á sama tíma. Það er möguleiki að hraun geti runnið yfir annan þessara vega og rofið samgöngur tímabundið, en þá er ávallt varaleið til staðar.

Umræðan um Hvassahraun tefur fyrir framtíðarlausn á innanlands- og millilandaflugi. Áframhaldandi uppbygging Keflavíkurflugvallar sem meginflugvallar er skynsamleg samhliða gerð varafflugvallar utan Reykjaness og að flyta innanlandsflugið til Keflavíkur og samþætta við millilandaflug líkt og gert er í Gardemoen í Ósló.

Það liggur fyrir að fluglest milli Keflavíkurflugvallar og miðborgar Reykjavíkur er arðbær framkvæmd út frá arðsemi fjárfesta, samfélagi og umhverfi. Grænar skilvirkar almenningssamgöngur á þessari leið eru löngu tímabærar!

Fluglest frá KEF til BSÍ, líkt og í Ósló og Stokkhólmi, yrði 18-20 mínútur á leiðinni og að langmestu leyti kostuð með fargjöldum erlendra ferðamanna.

Með lest úr Vatnsmýri til Keflavíkurflugvallar myndi innanlandsflugið styrkjast og ferðafólk gæti bókað sig hvaðanæva að úr heiminum í flug til Akureyrar, Egilsstaða eða Ísafjarðar með millilendingu í Keflavík, án viðkomu í Reykjavík.

Þá eru ótaldir samlegðarmöguleikar Borgarlínu og Fluglestar. Jarðgöng frá Straumsvík um Hafnarfjörð, Garðabæ, Smáralind og Kringlu í Vatnsmýri gætu bæði rúmað fluglest og sjálfkeyrandi metróvagna, líkt og ganga í Kaupmannahöfn. Slík lausn myndi vissulega kosta töluverða fjármuni, en á sama tíma leysa samgöngumál höfuðborgarsvæðisins að stórum hluta. Við erum að fjárfesta fyrir tæpa 30 milljarða í samgöngubótum á Vestfjörðum sem mun gjörbreyta lífskjörum þeirra sem þar búa. Við ætlum að verja 45 milljörðum í Fjarðaheiðargöng. Hugsun líka stórt í Reykjavík! ■

”

Við ætlum að verja 45 milljörðum í Fjarðaheiðargöng. Hugsun líka stórt í Reykjavík!

Bull og blekkingar



Birgir Leósson
endurskoðandi

Ég hef staðið í ritdeilu við hagfræðiprófessor undanfarnar vikur og hef orðið þess áskynja að sumir hafa misskilið um hvað deilan snýst og jafnvel mætir menn dregið rangar ályktanir út frá því.

Deilan snýst ekki um að aflahlutdeild telst óefnisleg eign sem er óumdeilt og ekki heldur laga- eða staðlatúlkun. Vanþekking hagfræðiprófessorsins á efninu blasir enda við öllum sem til þekkja þegar hann vísar í lög, staðla og reglur á annan hátt en einungis til heitis þeirra. Eftir að ítrekað er búið að hrekja rangfærslur prófessorsins blekkir hann með því að reyna að fá þá ásynd á þrætuna að hún snúist um lagatúlkun. Prófessorinn er í pólitískum hráskinnaleik ætluðum að blekkja almenning og í slíkum leik verður sannleikurinn aukaatriði.

Teldi prófessorinn vera svo alvarlega galla á ársreikningum þá hefði hann að sjálfsgöðu sent erindi vegna þess til eftirlitsaðilans, ársreikningaskrár. Hann gerir það ekki. Ég skora á þá sem trúa prófessornum að senda ársreikningaskrá erindi um meintan gallaðan ársreikning til að fá úr þessu skorið.

Með grein í Fréttablaðinu 15. júlí réðst prófessorinn með mjög grófum hætti að starfsheiðri, faglegum vinnubrögðum og æru minni. Ég sá mig tilneyddan að verja mig á sama vettvangi. Í fyrsta skipti skrifaði ég blaðgrein, birt 21. júlí. Þar hrakti ég hinar ósmekklegu, stóryrtu og röngu ásanir prófessorsins. Hann bætti síðar í ásanir sínar og hef ég hrakið þær í greinum mínum.

Ég kærði prófessorinn ekki til síðanefndar Háskóla Íslands vegna skoðana hans á reikningsskilum, endurskoðun, pólitík, sjávarútvegsmálum eða túlkana á lögum og reglum eins og hann lætur ranglega í veðri vaka. Hann má hafa sínar skoðanir á þessu sem öðru. Greinar mínar og kæran snúast ekki um tiltekna atvinnugrein eða pólitík heldur um stóryrtar ítrekaðar rakalausar ásanir prófessorsins á hendur mér og öðrum m.a. um meint vanhæfi og afglöp í starfi, rangfærðan ársreikning, gróf lög-brot, fjádrátt og skattsvik.

Prófessorinn virðist sækja innblástur til þjóðernissózialistans Joseph Goebbels um að lygar sem haldið er fram nægilega oft verði að lokum að sannleik í hugum margra.

Ný grein prófessorsins 17. ágúst, „Skyn og skynsemi“, hefst þannig:

„Í grein í Fréttablaðinu 15-7-2022 benti ég á að í athugasemd í ársreikningi sjávarútvegsfyrirtækisins Visis hf. árið 2013 er eftirfarandi tekið fram (athugasemd númer 18):“

Prófessorinn benti þó hvorki á meinta „athugasemd“ í tilvitnaðri grein eða að um væri að ræða orð stjórnenda en ekki endurskoðanda. Þvert á móti. Prófessorinn sagði þar:

„Endurskoðendur Visis hf. undirrituðu efnahags- og rekstrarreikning félagsins fyrir árið 2013 með eftirfarandi orðum:“

Munurinn er augljós. Stjórnendur staðfesta ársreikning með undirritun sinni en endurskoðendur veita álit á honum með áritun. Prófessorinn virti ekki höfundarrétt stjórnenda. Af hverju talar prófessorinn nú um athugasemdir í ársreikningi, þar sem engar slíkar er að finna? Er hann að blekkja lesendur með orðavalinu sem gefur í skyn að stjórnendur hafi lagt fram ársreikning sem fjöldi athugasemda,

a.m.k. 18, hafi verið gerðar við? Af hverju segir prófessorinn ekki satt, að umræddur texti stjórnenda var í skýringum ársreiknings sem hluti nauðsynlegra upplýsinga?

Málið snýst ekki um að eitthvað hafi verið athugavert við texta stjórnenda í skýringunni eða að hann hafi ekki staðist skoðun eða timans tönn, þvert á móti. Aðalatriði málsins er það sem virðist vera illur ásetningur prófessorsins sem segir texta ársreikningsins vera orð endurskoðenda, ljóslega í þeim eina til-

gangi að snúa út úr þeim með sínum túlkunum og ályktunum. Með stigmögnuðum röngum fullyrðingum reynir hann að byggja undir rakalausar ásanir sínar. Fyrst eru þetta sögð orð endurskoðenda, næst „yfirlýsing endurskoðendanna“ og loks fullyrðir prófessorinn að fyrir liggja yfirlýsing endurskoðenda, „þess efnis að efnahagsreikningurinn sé plat, skáldskapur“! Allt er þetta uppspuni frá rötum.

Prófessorinn heldur því fram að tilgangur endurskoðendanna hafi

verið annars vegar að plata fjármálastofnanir og banka og það hafi gengið eftir og hins vegar fjársvik með því að svíkja fé af skattborgurum með því að koma félaginu undan að greiða veiðigjöld og það hafi þeim tekist vegna vanhæfra starfsmanna íslenska ríkisins sem fóru yfir umsóknir um lækkan veiðigjalda. Þetta er einnig allt uppspuni frá rötum og hefur verið hrakið.

Prófessorinn skautar yfir staðreyndir og/eda rangtúlkar þær til

stuðnings eigin hugarórum. Ályktanir út frá röngum túlkunum verða eðlilega rangar.

Í nýju grein prófessorsins opinberar hann enn frekar vanþekkingu sína á endurskoðun og hlutverki endurskoðenda. Þar er einnig að finna kostulegar fullyrðingar, túlkningar og ályktanir sem standast ekki skoðun. Það væri að æra óstöðugan að hrekja alla vitleysuna hjá prófessornum. Í næstu grein minni mun ég þó fjalla um nokkrar þeirra fáránlegustu. ■

Fyllum völlinn

Ísland - Hvíta Rússland
2. september á Laugardalsvelli

Miðasala hefst kl. 12 í dag á tix.is

Coca-Cola
NI
ICELANDAIR
Vodafone
LENGAN



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Gréta Geirsdóttir

Unnargrund 23, Garðabæ,

lést á Landspítalanum Fossvogi 17. ágúst. Útför hennar fer fram í Garðakirkju þriðjudaginn 30. ágúst kl. 13:00

Þórir Hörður Jóhannsson

Jóngeir Þórisson

Grétar Þórisson

Þórir Elías Þórisson

Elin Anna Þórisdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Tonie Gertin Sørensen

Silja Sigurðardóttir



Arni segir fugla eiga greiðan aðgang að hjörtum barna.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÐÓR



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,
Þuríður Pálsdóttir
söngkona

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni í Reykjavík föstudaginn 12. ágúst. Útför Þuríðar fer fram frá Dómkirkjunni þann 29. ágúst klukkan 13.

Athöfninni verður streymt á streyma.is

Fyrir hönd barnabarna, annarra ættingja og aðstandenda.

Kristín Arnardóttir

Guðmundur Páll Arnason

Laufey Arnardóttir

Hermann Tönsberg

Guðrún Guðlaugsdóttir

Björn Kristinsson

Fjaðurskreytt stafrófskveri

Íslenskir fuglar leggja yngstu lesendunum lið í nýútgefnu stafrófskveri.

arnartomas@frettabladid.is

Stafróf fuglanna er nýútgefin bók Árna Arnasonar Hafstað, kennara og þýðanda. Eins og nafnið gefur til kynna er um að ræða kver ætlað yngstu kynslóðinni þar sem hægt er að kynna stöfunum og íslensku fuglalífi á einu bretti.

„Ég hef verið að taka myndir af fuglum á undanförunum árum, enda forfallinn áhugamaður fuglamyndunar ef svo má segja,“ segir Arni. „Mér hefur fundist vanta miðlun á þessum fallega þætti í íslenskrum náttúru til barna, ekki síst yngri barna.“


Þrátt fyrir að nafngiftir íslenskra fugla séu jafnfjölbreyttar og fuglarnir sjálfir þá þurfti Arni þó á sumum stöðum að nýta önnur orð, enda er ekkert til sem heitir Xerxesarhani eða Dílaskarfur.

„Ég leyfði mér að fara aðeins í kringum þetta þar sem við höfum ekki staf fyrir hvern fugl, svo ég notaði til dæmis orðið „vaxa“ fyrir X-ið og „nábýli“ fyrir N-ið og svo framvegis,“ útskýrir hann.

Arni hefur stundað fuglaljósmyndun í um tíu ár og hefur beitt sér að auknum krafti fyrir áhugamálinu á undanförunum.



Þúfuttillingur er algengasti landfugl Íslands.
MYND/ÁRNI ÁRNASON



Svartþröstur með orma handa ungum sínum.
MYND/ÁRNI ÁRNASON

um árum þar sem hann hefur haldið tvær fuglaljósmyndasýningar.

„Í minni kennslu hef ég skrifað ýmsar bækur fyrir krakkana sem ég er að kenna, svo það má segja að þetta sé rökrétt framhald af því,“ segir hann. „Dýr og fuglar eiga greiðan aðgang að hjörtum



Mér hefur fundist vanta miðlun á þessum fallega þætti í íslenskrum náttúru til barna, ekki síst yngri barna.

barna sem eru náttúrulega forvitin fyrir því sem er að gerast í umhverfi sínu. Því þá ekki að taka þetta inn frá því að þau byrja að læra að lesa?“

Upphaflega var hugmynd Árna að hafa stærra kver með lengri pistlum fyrir eldri krakka.

„Svo fannst mér þetta sniðugra, að fara bara alveg niður í byrjendurna,“ segir hann og útilokar ekki að vinna sig upp í eldri hópa síðar meir. „Það er allavega nóg af myndum!“

Arni á erfitt að segja til um hvaða fugl sé í uppáhaldi hjá sér en telur þó upp nokkra sem honum eru kærir.

„Það er svo mikill erill hjá kríunni svo það getur verið erfitt að mynda hana,“ segir hann. „Svo eru það þessir fuglar sem maður kemst nálægt allt árið eins og til dæmis auðnutittlingurinn.“ ■

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og raðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Dofrahelli 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Elsku hjartans eiginkona mín, mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,
Anna Pálína Baldursdóttir

Vestursíðu 9, Akureyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannahlíð þann 18. ágúst s.l. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 31. ágúst kl. 13.

Eggert Eggertsson

Aðalheiður Eggertsdóttir

Eggert Eggertsson

Anna Margrét Eggertsdóttir

Baldur Pálsson

Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir

Elvar Knútur Valsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
Grétar Samúelsson

húsmiðameistari

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 5. júlí.

Útförin fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 25. ágúst kl. 13:00.

Þóra Þórisdóttir

Ólafía Svandís Grétarsdóttir

Vilhjálmur Þór Grétarsson

Grétar Þór Grétarsson

Sigmar Knúttsson

Íris Jensen

og barnabörn.

Elsku eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,
Sigurbjörg Þorleifsdóttir

Hlíðarhalla 69, Kópavogi

lést í faðmi fjölskyldunnar mánudaginn 15. ágúst á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut. Útför hennar fer fram frá Digranesskirkju þann 29. ágúst kl. 13:00. Sérstakar þakkir færur við starfsfólki gjörgæsludeilda.

Sölvi Bragason

Oddbjörg Kristjánsdóttir

Rannveig Ósk Sölvadóttir

Stefán Kári Ægisson

Guðmundur Örn Ægisson

Ægir Örn Simonarson

Sigurbjörg Ósk Ægisdóttir

Ástkær móðir okkar, amma, tengdamóðir og systir,
Elín Ágústa Ingimundardóttir

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, mánudaginn 15. ágúst s.l. Útför fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Ingimundur Gunnar Nielsson

Jóhann Ísak Ingimundarson

Niels Logi Ingimundarson

Jón Skjöldur Nielsson

Samúel Einar Skjaldarson

Ágúst Pálmi Skjaldarson

Halldór Jón Ingimundarson

Elisabet S. Stephensen

Guðrún Hildur Thorstensen

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 23. ágúst 2022



Klósettþrif er sennilega það húsvork sem fæstum líkar, en kók hjálpar til.

Kók í klósettið

thordisg@frettabladid.is

Getur Coca Cola hreinsað klósett? Svarið er já, svo sannarlega, og gamalreynt húsråd að nota kók til að losa um þrálát óhreinindi og kalkhringi sem gjarnan setjast niðri við vatnsbrúnina.

Það eru mildar kolsýrur og fosfórsýrur frá kolsýrumettun gosdrykkjarins sem vinna smám saman á hringjunum, og sykurlaust kók virkar alveg jafn vel og sykrað kók.

Hitað kók enn betra

Það þarf ekki mikið til, sirka einn til tvo bolla. Gott er að byrja á að bursta klósettskálina að innan með klósettbursta og hella svo kóki ofan í hana alla, og þannig að fljóti yfir óhreinindahringinn. Hægt er að nota spreibrúsa til að sprauta kóki á staði sem erfitt er að ná til, eins og undir kantinn efst. Látið kókið vinna sitt verk í tvær klukkustundir, eða yfir nótt, til að sýrurnar hafi tíma til að vinna á óhreinindunum.

Sturtið nú kókinu niður úr klósettinu. Þá ætti að sjást hversu vel tókst að fjarlægja blettina. Gott er að nota klósettbursta til að bursta yfir bletti sem losnuðu ekki við að sturta niður.

Endurtakið eftir þörfum, og fyrir erfiða bletti er ráð að auka áhrif kóksins með því að hita það fyrst í potti eða örbylgjuofni, í þar til gerðu ílát, en látið ekki sjóða. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS**ALOE VERA**
MELTING & BÓLGURwww.celsus.is

Vilhlem Einarsson og Vigdís Hind Gísladóttir eru spennt fyrir að taka á móti hópum í Minigarðinum. Staðurinn er tilvalinn fyrir hópefli fyrirtækja þar sem flestir geta spilað minigolf. Þar er einnig úrval af mat og drykk en mikill metnaður er lagður í matinn í Minigarðinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Minigarðurinn er fullkominn fyrir hópefli með vinnufélögum

Minigarðurinn er 1900 m², 18 holu innanhúss minigolfvöllur, mathöll og sportbar. Innan skamms opnar þar einnig pílustaður með gagnvirkum píluspjöldum. Staðurinn er kjörinn fyrir hópefli fyrirtækja þar sem allir geta skemmt sér saman og notið matar og drykkjar. **2**



Veitingastaðnum verður fljótlega breytt í snertilausa mathöll. Þá geta gestir pantað matinn með símanum sínum frá öllum stöðunum í einu.

„Það sem gerir Minigarðinn svo frábæran fyrir hópefli fyrirtækja er að hér er allt á einum stað. Keppni, matur og drykkir. Samstarfsfólk mætir á einn stað og fær að keppa sín á milli í minigolfi þar sem allir geta verið með. Algengt er að fyrirtæki komi sjálf með verðlaun og eftir keppni er verðlaunaafhending og myndataka af sigurlíðinu. En við erum með stóran verðlaunapall fyrir þá sem vinna og myndavél á staðnum sem sendir myndina beint í tölvupósti og á sms-i svo að sigurlíðið geti montað sig í vinnunni,“ segir Vigdís Hind Gísladóttir, bókunarstjóri Minigarðsins.

Snertilaus mathöll

„Við leggjum mikinn metnað í matinn okkar í Minigarðinum. Við erum að bjóða upp á fingramat í formi smáréttahlaðborðs. Við bjóðum fjölbreyttan mat, til dæmis margar gerðir af soft taco, fjölbreytta miniborgara, kjúklingavængi, edamame og fjölbreytta vegan valkosti. Innan skamms munum við síðan breyta veitingasalnum okkar í snertilausa mathöll þar sem við bætist pizzastaður, hamborgarastaður, frónskustaður, vegan staður og kjúklingastaður. Það er spennandi verkefni sem við munum opna í september. Hópar munu því geta valið um fjölbreyttar veitingar á viðráðanlegu verði,“ segir Vilhelm Einarsson, veitinga- og rekstrarstjóri Minigarðsins.

Vilhelm útskýrir að í snertilausri mathöll pantir þú matinn frá öllum stöðunum í einni pöntun í gegnum símann. Allt er svo borgað í einni greiðslu á einum stað.

„Þannig þarftu ekki að labba á milli mismunandi bása og panta eitt hér og annað þar og fá matinn á mismunandi tíma. Maturinn kemur allur á sama tíma. Þetta er mathöll að því leyti að þetta eru nokkrir staðir með mismunandi matseðli en samt ólíkt venjulegri mathöll. Það mætti kannski kalla þetta matgarð,“ segir hann.

Allt á einum stað

„Kostirnir við Minigarðinn sem hópeflisstaður fyrirtækja er að



í Minigarðinum er boðið upp á fingramat í formi smáréttahlaðborðs. Þar má til dæmis fá miniborgara, kjúklingavængi og fjölbreytta vegan valkosti.

allir geta tekið þátt í minigolfi. Það eru engin átök og því getur fólk keppt sín á milli í sínu finasta þússi án þess að þurfa fara í sturtu eða farða sig upp á nýtt. Starfsmenn mæta á einn stað, ekki þarf að ferja fólk á milli staða því að maturinn og drykkirnir eru einnig á staðnum. Stemningin skemmir síðan ekki fyrir með lifandi DJ tónlist og eftir að dagskrá lýkur hjá fyrirtækinu þá eru starfsmenn á sínum eigin vegum miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Vigdís Hind. Að hennar sögn eru bókanir farnar að streyma inn fyrir haustið og veturinn.

„Staðurinn okkar tekur 500 manns og þegar margir hópar koma saman þá myndast mjög

77 Kostirnir við Minigarðinn sem hópeflisstaður fyrirtækja er að allir geta tekið þátt í minigolfi. Það eru engin átök og því getur fólk keppt sín á milli í sínu finasta þússi.

Vigdís Hind Gísladóttir



Boðið er upp á margar gerðir af soft taco.

skemmtileg stemning. Við erum með þrjá stóra sali sem eru stúkaðir af, þannig að stórir hópar geta verið með afmarkað rými fyrir sig í mat og drykk. Einnig getum við boðið upp á rútuferðir fyrir hópinn niður í miðbæ að hópefli loknu,“ bætir hún við.

